



## Leiðbeiningar Tekjufirlýsing 2024

### Skýringar með einstökum liðum

Have you previously sent us an income statement? And are you still considered a qualifying non-resident taxpayer? If so, you do not need to send us a new income statement.

Gakktu úr skugga um hvort þú hafir stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ með því að styðjast við reikningsdæmin í leiðbeiningum framtalsins.

Sem „skattgreiðandi með erlenda heimilisfestu“ (kwalificerend buitenlands belastingplichtige) áttu kost á sömu frádráttarliðum og skattaafsláttum og íbúi í Hollandi, til dæmis frádrætti vaxtagjalda af lánnum vegna kaupa á þínu eigin íbúðarhúsnæði (erlendis).

Uppfyllir þú öll skilyrðin sem gilda um „skattgreiðendur með erlenda heimilisfestu“? Æskilegast er að þú sendir tekjufirlýsinguna með skattframtali þínu. Náirðu því ekki skaltu senda skattframtalið án frekari tafa, til að þú þurfir ekki að sækja um frest til að skila því. Sendu tekjustaðfestinguna, með öllum upplýsingum sem við þig eiga, jafnvel þó framtal hafi átt sér stað. Sé það látið ógert kemur þú ekki til greina sem erlendur skattgreiðandi að okkar mati. Þú hlýtur þá álagningu án þeirra frádráttar og persónuafsláttar sem íbúar í Hollandi hljóta. Þetta getur hugsanlega leitt til hærri tekjuskatts. Við munum hafa samband við þig af þessum sökum.

Sendu eyðublaðið til:  
Belastingdienst/Kennis- en expertisecentrum Buitenland  
Postbus 2577  
6401 DB Heerlen  
the Netherlands

### Hefurðu aðrar spurningar?

Nánari upplýsingar má nálgast á [belastingdienst.nl/international](http://belastingdienst.nl/international). Þú getur einnig hringt í þjónustuver okkar fyrir útlönd: +31 55 538 53 85. Opnunartími: frá mánudegi til fimmtudags frá 8:00 til 20:00 og á föstudögum frá 8:00 til 17:00.

### Skilyrði til að teljast „skattgreiðandi með erlenda heimilisfestu“

Þú hefur stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ árið 2024 ef þú uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- þú greiðir skatt af tekjum þínum í Hollandi að öllu eða nær öllu leyti. Svo telst vera ef þú greiðir skatt af a.m.k. 90% heimstekna þinna í Hollandi.
- þú hefur heimilisfestu í ESB-ríki, Liechtenstein, Noregi, Íslandi, Sviss, á Bonaire, St. Eustatius eða Saba.
- þú getur lagt fram tekjufirlýsingu frá skattayfirvöldum í búsetulandi þínu.

### Dæmi

Þú býrð í Belgíu og vinnur í Hollandi. Tekjur þínar í Hollandi nema 50.000 €. Þú greiðir alla skatta af þessum tekjum í Hollandi. Þú hefur engar aðrar tekjur eða eignir. Þú býrð í ríki innan ESB og greiðir skatt af tekjum þínum í Hollandi að öllu eða svo til öllu leyti. Þú hefur stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ ef þú getur einnig lagt fram tekjufirlýsingu.

Notaðu tekjustaðfestingu þess lands þar sem þú bjóst viðkomandi ár.

### Dæmi

Þú bjóst í Þýskalandi árið 2024 og fluttist til Hollands í byrjun árs 2025. Fyrir árið 2024 notar þú þýska tekjustaðfestingu. Þú gefur þá upp heimilisfangið þar sem þú bjóst árið 2024.

### Eignir og tekjur vegna verulegra eignarhluta teljast með

þegar 90% markað er ákvarðað horfum við ekki aðeins á vinnu- og leigutekjur þínar. Eignir og tekjur vegna verulegra eignarhluta (nl. aanmerkelijk belang) teljast einnig með. Því getur hugsast að þú greiðir alla skatta af vinnutekjum þínum í Hollandi án þess að uppfylla skilyrðið um 90% markað vegna þess að þú átt miklar eignir.

### Dæmi

Þú býrð í Þýskalandi og vinnur í Hollandi. Tekjur þínar í Hollandi nema 50.000 €. Af þeim greiðir þú allan skatt í Hollandi. Auk þess áttu eignir í Þýskalandi, þ.e. sparnað, hluta- og skuldabréf.

Samkvæmt hollenskum reglum nema tekjur þínar af sparnaði og eignum 6.400 €. Af þessum tekjum greiðir þú engan skatt í Hollandi. Jafnframt hefurðu tekjur að upphæð 50.000 € sem eru skattaðar í Hollandi. Þú greiðir skatt í Hollandi af 88,7% heildartekna þinna, en þær nema 56.400 €. Hlutfallið er sem sagt lægra en 90% af tekjum þínum. Þú hefur því ekki stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“.

### Atriði sem ekki eru tekin til greina við ákvörðun á 90%-mörkunum

Við ákvörðun 90%-markanna tókum við ekkert tillit til neikvæðs kostnaðar vegna afkomutryggingar, neikvæðra persónubundinna frádráttarliða, (neikvæðra) tekna af eigin íbúðarhúsnæði, kostnaðar vegna afkomutryggingar, persónubundinna frádráttarliða og frádráttar vegna engra eða lítilla skulda vegna kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.

## Skýringar með einstökum liðum (frh.)

### Dæmi

Þú býrð í Þýskalandi og vinnur í Hollandi og Þýskalandi. Tekjur þínar í Hollandi nema 50.000 €. Þær eru að öllu leyti skattlagðar í Hollandi. Tekjur þínar í Þýskalandi nema 4.500 €. Þær eru að öllu leyti skattlagðar í Þýskalandi. Þú átt íbúðarhúsnæði til eigin nota í Þýskalandi. (Neikvæðar) tekjur þínar af íbúðarhúsnæði til eigin nota nema 10.000 €.

Við ákvörðun 90%-markanna er miðað við að heildartekjur þínar séu 54.500 €. Af þessum tekjum eru 50.000 € skattlagðar í Hollandi. Það eru 91,7% heildartekna. (Neikvæðar) tekjur þínar af íbúðarhúsnæði til eigin nota teljast ekki með við ákvörðun 90%-markanna. Þú hefur stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ ef þú getur einnig lagt fram tekjufirlýsinguna.

### Samsköttun

Ertu í sambúð? Og óskar þú eftir að fá samsköttun? Þetta er hægt ef þú uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Þú uppfyllir reglur um samsköttun.
- Bæði þú og maki/sambýlisaðili þinn uppfyllir 90%-regluna. A.m.k. 90% samanlagðra heimstekna ykkar eru skattlögð í Hollandi.

### Athugið!

Hafa bæði þú og maki/sambýlisaðili þinn stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ en skilar maki/sambýlisaðili þinn engu skattframtali? Þá þarf maki/sambýlisaðili þinn einnig að fylla út tekjufirlýsingu og senda okkur.

## Skýringar á einstökum liðum tekjufirlýsingarinnar

### Liður 2a

Ef þér er ekki kunnugt um fæðingardag þinn skaltu færa inn: 01-01-.... (dd-mm-áááá).

Með skráningarnúmeri er átt við númerið sem skattayfirvöld í búsetulandi þínu hafa látið í té. Það er númerið sem þú hefur hjá skattayfirvöldum í búsetulandi þínu.

### Liður 4a

Fylltu út þennan lið ef þú stundar sjálfstæðan atvinnurekstur eða ert hluthafi í félagi og færð greiddan arð úr félagi sem er ekki skattlagt í Hollandi.

Nánari upplýsingar varðandi arð úr fyrirtækjum má nálgast á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „winst uit onderneming“.

### Liður 4b

Hér færirðu inn launatekjur og sjúkrabætur sem ekki voru skattlögð í Hollandi.

Sem dæmi um launatekjur og sjúkrabætur má nefna:

- allar tekjur frá atvinnuveitanda, s.s. laun, orlofsgreiðslur, ökutæki til eigin afnota og bónusgreiðslur
- bætur vegna veikinda
- greiðslur vegna starfsþjálfunar

Þessar upphæðir er að finna á ársyfirlitinu sem atvinnuveitandi þinn eða bótaskrifstofa hefur látið þér í té. Nánari upplýsingar um laun og sjúkrabætur má nálgast á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „werk en inkomen“.

### Liður 4c

Hér færirðu inn þjóf fé, hlutafjárkaupréttindi og aðrar tekjur úr launuðu starfi sem voru ekki skattlagðar í Hollandi. Athugið! Tekjur af starfi sem einyrki eða í lausamennsku sem og aukatekjur skal telja fram í lið 4h.

### Liður 4d

– Færðu inn bætur og greiðslur sem ekki voru skattlagðar í Hollandi. Sem dæmi um bætur og greiðslur má nefna: eftirlaunagreiðslur

– ellilífeyrisgreiðslur; s.s. „AOW“-bætur frá de Sociale Verzekeringsbank (SVB)

– uppsagnarbætur, s.s. biðlaun opinberra starfsmanna

– greiðslur vegna flýttara starfsloka, s.s. snemmtöku lífeyris.

– makalífeyri og bætur vegna munaðarleysis, s.s. „Anw“-bætur frá SVB

– almannatrygginga- og atvinnuleysisbætur, s.s. „WW“-eða „Wwb“-bætur

– örorkubætur, s.s. „Waz“-, „IOAZ“-, „IOAW“-, „IOW“-, „Wajong“-, „WIA“- eða „WAO“-bætur

– greiðslur lífrentu sem hafa sætt frádráttarskattgreiðslu

– eingreiðslur lífrentu og eingreiðslur lífeyrissparnaðar sem hafa sætt frádráttarskattgreiðslu

Þessar fjárhæðir er að finna á ársyfirlitinu sem bótaskrifstofan eða tryggingafélagið hefur látið þér í té. Nánari upplýsingar er að finna á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „werk en inkomen“.

### Liður 4e

Fylltu út þennan lið ef þér voru greiddar lífrentueingreiðslur eða eftirlaunaeingreiðslur sem ekki voru skattlagðar í Hollandi.

### Liður 4f

Færðu inn tekjur undanþegnar skatti sem þú aflaðir hjá alþjóðlegri stofnun.

Sem dæmi um tekjur undanþegnar skatti má nefna laun frá:

- Evrópusambandinu
- Sameinuðu þjóðunum
- NATO
- Alþjóðadómstólnum
- Evrópsku einkaleyfastofunni
- ESA/Estec

## Skýringar á einstökum liðum tekjufrýlýsingarinnar (frh.)

### Liður 4g

Þennan lið skaltu einungis fylla út ef þér voru greidd eftirlaun frá Evrópusambandinu.

### Liður 4h

Fylltu út þennan lið ef þú hafðir starfstekjur sem voru ekki skattlagðar í Hollandi og þú gerðir ekki grein fyrir í liðum 4a til og með 4g.

### Liður 4i

Gefðu upp tekjur af eignum, sem þú afhentir öðrum til nýtingar, s.s. húsnæði, skuldakröfum, líffryggingum, tilteknum kaupréttindum og nýtingarréttindum.

Hér skal færa inn tekjurnar að frádregnum frádráttarbærum kostnaði og skattsleysishluta.

Nánari upplýsingar er að finna á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „werk en inkomen“.

### Liður 4j

Færðu inn móttekinn framfærslulífeyri og þar að lútandi eingreiðslur.

Eftirfarandi greiðslur og bætur falla undir þennan lið:

- framfærslulífeyrir þér ætlaður, greiddur af fyrrverandi maka
- ellilífeyrir sem fyrrverandi maki lét ganga til þín
- eingreiðslur framfærslulífeyris sem þú tókst við frá fyrrverandi maka
- leiga fyrir leiguhúsnæði sem fyrrverandi maki hélt áfram að greiða
- vextir af þínum hluta húsnæðisskuldar (í eigin húsnæði) sem fyrrverandi maki greiddi
- fjárhæðir sem þú tókst á móti vegna uppgjörs lífeyrisréttinda eða líffrentu, þar sem iðgjöld hafa verið færð til frádráttar
- reiknað leiguvirði íbúðar til eigin nota (nl. eigenwoningforfait) þetta á aðeins við ef, á grundvelli (bráðabirgða-)samkomulags um framfærslulífeyri, þú bjóst í húsnæði árið 2024 sem fyrrverandi maki var (með)eigandi að. Var fyrrverandi maki þinn (með-)eigandi þessa húsnæðis að hluta? Gefðu þá upp samsvarandi hluta reiknaðs leiguvirðis.

Nánari upplýsingar er að finna á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „werk en inkomen“.

### Liður 4k

Reglubundnar bætur og þar að lútandi eingreiðslur, sem ekki hafa sætt frádráttarskattgreiðslu, eru færðar inn í þessum lið. Draga má frá kostnað sem þú stofnaðir til við að tryggja þér eða halda þessum bótum.

Sem dæmi um reglubundnar bætur má nefna:

- reglubundin ríkisframlög vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, t.d. húsnæðisbætur vegna kaupa á eigin íbúð (nl. premiekoopwoning)
- aðrar reglubundnar bætur, hlunnindi og fríðindi eða eingreiðslur þeirra, t.d. námsstyrkir og greiðslur líffrentu Hlunnindi og fríðindi eru greiðslur í öðru en peningum.

### Liður 4l

Með öðrum tekjum er átt við:

- skattbæran hluta líffryggingarbóta
- endurgreidda vexti húsnæðisláns (v/húsnæðis til eigin nota)

### Liður 4n

Fylltu út þennan lið ef þú sóttir vinnu með almenningsfarartækjum og fjarlægðin (önnur leiðin) milli heimilis þíns og vinnustaðar var meiri en 10 kílómetrar. Nánari upplýsingar er að finna á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „reisafrek openbaar vervoer“.

### Liður 4q

Fylltu út þennan lið ef þú og maki þinn áttuð a.m.k. 5% hlutabréfa í félagi sem ekki voru skattlögð í Hollandi.

Nánari upplýsingar má nálgast á [belastingdienst.nl](http://belastingdienst.nl) undir „aanmerkelijk belang“.

### Liður 4r

Þann 24. desember 2021 úrskurðaði Hæsti réttur að reglurnar sem hafa gilt frá 2017 um skattlagningu á arð af eignum (reitur 3) stangist á við mannréttindasáttmála Evrópu (ME). Af þessari ástæðu verðum við að taka upp nýja reikniaðferð í stað þeirrar gömlu.

Hverjar voru eignir þínar og skuldir árið 2024 sem voru ekki skattlagðar í Hollandi? Var virði þessara eigna að frádregnum skuldunum hærra en 57.000 € þ. 1. janúar 2024? Færðu þá inn, við spurningu 4r, hagnað þinn af sparnaði og fjárfestingum.

Þú reiknar út hagnaðinn af sparnaði og fjárfestingum með því að styðjast við leiðbeiningarnar „Rekenhulp voordeel uit sparen en beleggen“ (Leiðbeiningar til að reikna út hagnað af sparnaði og fjárfestingum). Hér á eftir fara skýringar á því hvernig þér ber að reikna út stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

### Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

Með eigin fé og skuldum er átt við eignir þínar og skuldir sem voru ekki skattlagðar í Hollandi, og er þá miðað við dagsetninguna 1. janúar 2024.

Til eigna teljast t.d.:

- innstæður í banka og pósthbanka (nl. giro), uppsafnaður sparnaður og sjóðsinnstæður
- hlutabréf
- annað íbúðarhúsnæði eða aðrar fasteignir sem eru ekki staðsettar í Hollandi

Til skulda teljast t.d.:

- persónulegt neyslulán, s.s. til kaupa á bifreið eða til að standa straum af orlofskostnaði
- neikvæð staða á bankareikningi
- skuld vegna annars íbúðarhúsnæðis sem er ekki staðsett í Hollandi

## Skýringar á einstökum liðum tekjufrýlsingarinnar (frh.)

## Dæmi

Þ. 1. janúar 2024 nam sparifé þitt 150.000 €. Þ. 1. janúar 2024 skuldaðirðu jafnframt 40.000 € vegna bifreiðarkaupa. Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar þ. 1. janúar 2024 þá 150.000 € – 40.000 € – 57.000 € = 53.000 €.

Eignir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	150.000 €
Skuldir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	40.000 €
Skattfrelismörk vegna eigna og skulda	57.000 € –
Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar	53.000 €

Í útreikningnum færirðu inn 53.000 € við Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

## Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar

Eignir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi		A
Skuldir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi		B
Hagnaðarstofn		C
Skattfrelismörk vegna eigna og skulda	€	57.000
<b>Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar</b>		D

## Athugið!

Ef stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar er 0 € eða neikvæð tala, skal færa inn 0 € við spurningu 4r.

## Reikniaðferð

Í nýju reikniaðferðinni göngum við út frá þeim eignum sem þú átt í raun og veru. Við það notum við hugsaðar hagnaðarupphæðir sem liggja nálægt raunverulegum hagnaðarprósentutölum fyrir sparnað og fjárfestingar. Þær eru til dæmis miklu lægri fyrir sparifé en fyrir fjárfestingar.

Fylltu fyrst út *Útreikningur sparnaðar og reiðufés* og *Útreikningur á fjárfestingum og öðrum eignum*. Að því búnu er auðveldara að reikna út hagnaðinn af sparnaði og fjárfestingum.

## Útreikningur sparnaðar og reiðufés

Sparnaður ekki skattlagður í Hollandi		A
Reiðufé		B
<b>Samtals sparnaður og reiðufé.</b>		C
<i>Lagt saman: A plús B.</i>		

## Útreikningur á fjárfestingum og öðrum eignum

Hlutabréf, skuldabréf og því um líkt		A
Aðrar kröfur		B
Fasteignir utan Hollands		C
Höfuðstólslífeyrstryggingar – sá hluti sem er ekki undanþeginn skatti		D
Réttindi sem fela í sér reglubundnar útgreiðslur		E
Aðrar eignir		F
Refsiupphæð vegna nettó lífrentu eða nettó lífeyris		G
<b>Fjárfestingar og aðrar eignir alls</b>		H
<i>Leggðu saman liði A til og með G.</i>		

## Útreikningur á hagnaði af sparnaði og fjárfestingum samkvæmt nýju aðferðinni (spurning 4r)

<b>Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar</b> <i>Færðu inn upphæðina úr lið D í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.</i>		A
<b>Sparnaðarinnistæður.</b> <i>Færðu inn upphæðina úr lið C í Útreikningur sparnaðar og reiðufés.</i>		B
<i>Reiknaðu 1,44% af B.</i>		C
<b>Fjárfestingar og aðrar eignir</b> <i>Færðu inn upphæðina úr lið H í Útreikningur á fjárfestingum og öðrum eignum.</i>		D
<i>Reiknaðu 6,14% af D.</i>		E
<b>Skuldir</b> <i>Færðu inn upphæðina úr lið B í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.</i>		F
<i>Reiknaðu 2,61% af F.</i>		G
<b>Skattskyldur hagnaður.</b> <i>Leggðu saman C plús E og dragðu G frá.</i>		H
<i>Færðu inn upphæðina úr A.</i>		A
<i>Færðu inn upphæðina úr lið C í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.</i>		I
<b>Hlutfall þins hlutar og hagnaðarstofns.</b> <i>Deildu í A með I og margfaldaðu útkomuna með 100.</i> <i>Námundaðu með því að hafa þrjár tugastafi eftir kommu.</i>		J
<i>Færðu inn upphæðina úr H.</i>		H
<b>Hagnaður af sparnaði og fjárfestingum.</b> <i>Margfaldaðu H með J. Færðu inn upphæðina úr K við spurningu 4r.</i>		K